

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 15. desember 2022
UST202211-191/A.B.
10.04.02

Efni: Vinnslutillaga – Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035 – Iðnaðarsvæði I5

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035 vegna iðnaðarsvæðis I5 á Reykjanesi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að stækka iðnaðarsvæði I5 að vestanverðu um 48,3 ha – milli orkuversins og sjávar og minnkar óbyggt svæði sem því nemur. Auk þess er gert ráð fyrir nýjum aðkomuvegi frá Nesvegi að svæðinu norðan megin. Á lóðinni er gert ráð fyrir 38 ha fiskeldislóð þar sem framleiðsla verður allt að 40.000 tonnum á ári í fullbyggðri stöð. Auk þess verður hverfisverndarsvæði að hluta til fellt út.

Í umhverfismati kemur fram að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir, grunnvatn, menningarminjar, verndarsvæði, útivist, landslag og ásýnd. Tillagan hafi engin/óveruleg áhrif á lífríki, sjó og loftgæði og mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember 2021 varðandi tillögu að matsáætlun fyrir eldisstöð á Reykjanesi.¹

Hraun

Í leiðarljósi svæðisskipulags Suðurnesja 2008 - 2024 kemur fram að helstu náttúruauðlindir Suðurnesja séu einstakar jarðmyndanir sem séu á heimsmælikvarða og ber að vernda.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í tillögunni kemur fram að skipulagssvæðið stækkar um 48,3 ha og landþörf fyrir fiskeldið er um 38 ha og ætla má að umfang á raski á hrauni sé sem því nemur.

¹https://www.ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20TAM%20eldisst%20c3%b6%20c3%b0%20Reykjanesi_undirrita%20c3%b0.pdf

Í greinargerð á bls. 14 segir að áhrif breytingar á jarðmyndanir séu neikvæðar vegna rasks á nútímahrauni innan lóðar og í vegstæði aðkomuvegar. Áhrifin eru óafturkræf og rýra verndargildi hraunsins. Umhverfisstofnun tekur undir framangreint þar sem tillagan mun hafa umtalsverð óafturkræf áhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúrvendarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hvaða brýna nauðsyn sé fyrir röskun á hrauninu og hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskunina en mikilvægt er að það komi fram í tillögnum eins og kveður á um í lögnum.

Náttúruminjar

Í greinargerð kemur fram að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndarsvæði og tekur stofnunin undir að einkenni og yfirbragð svæðis breytist og verndargildi skerðist.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem er nr. 106 á náttúruminjaskrá (C-hluta) en um það segir: „*Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu. (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágur og Vörðugjá í Stapfell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.*“

Að auki bendir stofnunin á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að fjaran og grunnsævið vestan við framkvæmdasvæðið, og þar sem áætlað er að útrás frárennslis verði, er eitt þessara svæða og kallast Öngulbrjótsnef. Öngulbrjótsnef er tilnefnt vegna fjöruvistgerða en um forsendur fyrir vali segir á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands: „*Sunnan við Öngulbrjótsnef er klóþangsfjara; annars staðar er grófgerður og úfynn fjörubedurinn ríkur af skjólsælum glufum og skorningum sem veitir lífverum skjól, þrátt fyrir talsvert brim og að ríkjandi fjörugerðir séu brimasamar hnallunga- og hrúðurkarlaffjörur.*“ Helstu ógnir fyrir verndargildi svæðisins eru affallsvatn frá Reykjanesvirkjun og hugsanleg mengun frá iðnaði.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi. Stofnunin bendir á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Stofnunin telur mikilvægt að komið sé í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á ofangreint svæði svo að verndargildi þess rými ekki og telur því að fjalla ætti um áhrif framkvæmdarinnar á svæði á náttúruminjaskrá í breytingartillögnum.

Ásýnd og landslag

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan mun ekki einungis hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd vegna bygginga heldur einnig vegna röskunar á jarðmyndunum sem eru verndaðar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Útivist

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í tillögunni að hún mun hafa neikvæð áhrif á útivist en við breytingarsvæðið er skilgreind gönguleið/þjóðleið samkvæmt aðalskipulagi.

Úrgangsmál

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um magn úrgangs og meðhöndlun hans í tillögunni, hvað gert sé við þann úrgang sem fellur til við slátrun og þann fisk sem drepst á eldistímanum.

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins sem fellur til við fiskeldi er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar² til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun. Auk þess bendir stofnunin á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs sem nefnist Í átt að hringrásarhagkerfi. Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis í úrgangsmálum á Íslandi er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs, *Í átt að hringrásarhagkerfi*, sem kom út í júní 2021.

Stofnunin vill benda á að notkun dauðfisks/meltu til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því bendir stofnunin á að leita skal samþykkis Matvælastofnunar ef nota á fastefnið sem áburð.

Affallsvatn

Í greinargerð kemur fram að nýta eigi affallsstrauma orkuversins í starfsemi fiskeldisins.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé útskýrt hvað er átt við með affallsvatni/affallsstraumi. Umhverfisstofnun telur óljóst hvort ætlunin sé að nota jarðhitavatn eða jarðsjó sem hefur verið notaður við kælingu í starfsemi virkjunarinnar í fiskeldið.

²https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandistarfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlu_n_2020.pdf 2 <https://www.stjomarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-ogskrar/Stefna%20um%20me%C3%B0h%C3%B6ndlun%20%C3%BArgangs%202021-2032%20090621.pdf>

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á rannsóknarskýrslunni *Lífríki fjöru við útrás affallsvatns frá Reykjanesvirkjun; Athuganir 2019*³. Í skýrslunni kemur m.a. fram að mælst hefur uppsöfnun á blýi og sinki í þangi sem er næst affalli virkjunarinnar og arsen hefur mælst innan umhverfismarka III sem gefur til kynna að áhrifa megi vænta á viðkvæmt lífríki skv. reglugerð nr. 796/1999. Benda má á að áður nefnd umhverfismörk eiga við mælingar sem gerðar eru í yfirborðsvatni, en ekki beint úr útrás.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi. Auk þess segir í gr. 9.2 að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum enda séu skilyrðin í 6. og 10. gr. reglugerðarinnar uppfyllt. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hvernig fráveitumálum verði háttað og ástand viðtakans/vatnshlotsins.

Þessu tengt minnir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fódurleifa og því mikilvægt að fjallað sé um í breytingartillögunni magn, meðhöndlun og endurvinnslu úrgangs frá síum hreinsikerfisins.

Grunnvatn

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum en grunnvatnshlot skulu vera með góða magnstöðu og í góðu efnafræðilegu ástandi. Vatnshlotið sem hér um ræðir er Reykjanes með vatnshlotanúmerið 104-263-G. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Í greinargerðinni (bls. 6) kemur fram að grunnvatn sé ein helsta náttúruauðlind Suðurnesja. Umhverfisstofnun leggur því til að ein af matsspurningunum sé „Hefur áætlunin áhrif á grunnvatnsstöðu og hefur áætlunin áhrif á mögulega grunnvatnstöku fyrir aðra starfsemi á svæðinu?“ Einnig að lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála verði bætt við sem viðmið í umhverfisskýrslu.

Í kafla 6.1.2 kemur fram að breytingin feli í sér aukna vatnstöku þar sem fiskeldi nýti jarðsjó úr borholum á svæðinu og ferskvatn verði leitt inn á svæðið með veitukerfi. Niðurstöður ÍSOR benda til þess að seltustig grunnvatns á svæðinu muni breytast og breytingarnar verði mestar nálægt vinnslusvæði fiskeldisins.

Umhverfisstofnun bendir á [skýrslu Veðurstofu Íslands](#) „Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum“ þar sem fram kemur að vatnstaka í vatnshlotinu sé afar mikil og því nauðsynlegt að hafa virkt eftirlit með grunnvatnsstöðu og grunnvatnstöku í vatnshlotinu.

³ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1608030521-hv2020-45.pdf>

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Því ber sveitarfélagið þá ábyrgð við gerð skipulagsáætlana að tryggja það að umhverfismarkmið vatnshlota náist.

Eins og er hefur Umhverfisstofnun ekki nægjanleg gögn til að meta efnafræðilegt ástand vatnshlotsins og magnstöðu þess og því er afar mikilvægt að sveitarfélagið afli ákveðinna grunnupplýsinga um stöðu vatnshlotsins áður en frekari vatnstaka er leyfð. Þeir gæðabættir sem notaðir eru til að meta ástand eru breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs og leiðni og styrkur mengunarvalda eins og fram kemur í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Í greinargerðinni kemur fram að áhrif á grunnvatn séu metin neikvæð og það samræmist ekki markmiðum vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að tryggja sjálfbærni vatnshlotsins til framtíðar. Umhverfisstofnun leggur til að svör verði fundin við eftirfarandi spurningum.

- Hversu stórt er áætlað áhrifasvæði seltubreytinga?
- Mun áætlunin hafa áhrif á starfsemi Reykjanesvirkjunar ef selta eykst í vinnsluholum fyrirtækisins?
- Eru til upplýsingar um magnstöðu grunnvatnshlotsins ásamt leiðni og styrk mengunarefna?

Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfis skyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunnar (OS) skv. 6. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en lagt er mat á hvort sjótaka hafi neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun telur æskilegt að í tillögunni komi skýrt fram að fyrir svæði I5 sé heimilt að vera með fiskeldi.

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.



UMHVERFIS
STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur